

Afmæliskveðja frá borgarstjóra,

Vilhjálm P. Vilhjálmssyni

Kæru ÍR-ingar.

ÍR-ingar halda nú upp á aldarafmæli íþróttafélagsins og það má með sanni segja að það sé mikið afrek að halda uppi öflugri félagsstarfsemi líkt og forsvarsmenn félagsins hafa gert í öll þessi ár.

Ef lítið er yfir farinn veg þá hefur þróunin á sviði íþróttaiðkunar verið mjög ör og aðstaða breyst gríðarlega á einni öld. Á liðnum árum hefur Reykjavíkurborg í góðu samstarfi við íþróttafélögin lyft grettistaki í uppbyggingu mannvirkja vítt og breitt í borginni, bæði fyrir einstök félög og fyrir þjóðina og nægir þar að nefna uppbyggingu hjá hverfafélögum og uppbygginguna í Laugardal. Tilgangurinn er að gera aðstöðuna sem besta því hvers kyns íþróttir leiða af sér jákvæða upplifun fyrir iðkendur, sem aftur leiðir til þess að efla sjálfstraust og sjálfsmynd hvers og eins. Umgjörð og skipulag í kringum ÍR og starf þess er til fyrirmyndar og veitir heilu hverfi og í raun borginni allri mikinn slagkraft og jákvæða ímynd þegar þannig er staðið að málum.

Íþróttamenn ÍR í mörgum íþróttagreinum og aldursflokkum hafa náð miklum og góðum árangri fyrir félagið, sem sýnir og færir okkur heim sanninn um það góða starf sem fram fer hjá ÍR.

Einn liður í eflingu íþróttastarfs í borginni og tækifæri til að fleiri geti tekið þátt í þessu göfuga starfi er innleiðing frístundakortsins. Nú þegar liggja fyrir samþykktir um fjárveitingar til innleiðingar þessa verkefnis og á næstu þremur árum hefur verið áformað að verja 1.220 milljónum króna til þess.

Öflugt íþróttastarf í hverfum borgarinnar hefur einnig mikið forvarnargildi, og hafa rannsóknir sýnt að ungmennti sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf séu síður líkleg til að falla fyrir fíkniefnum.

Ég vil fyrir hönd Reykvíkinga allra óska ÍR gæfu og gengis í framtíðinni og þakka fyrir gott og gjöfult samstarf á liðnum árum og til framtíðar.

